

26. mars 2003:

Styrkir til úrbóta í umhverfismálum á ferðamannastöðum 2003

Á undanförunum árum hefur Ferðamálaráð Íslands veitt styrki til úrbóta í umhverfismálum á ferðamannastöðum. Auglýst var eftir umsóknum um styrki fyrir árið 2003 þann 20. janúar sl og á fundi Ferðamálaráðs í dag var samþykkt hvaða verkefni hljóta styrki frá ráðinu á þessu ári.

Á síðustu árum hafa ákveðnir landshlutar komið til úthlutunar á hverju ári en að þessu sinni var ekki um slíka skiptingu að ræða heldur var hægt að sækja um styrki til úrbóta á ferðamannastöðum um allt land. Ákvörðunin var tekin í ljósi þess að heildarupphæðin sem kemur til úthlutunar nú var hækkuð verulega frá fyrra ári, eða úr 6 milljónir króna í 10 milljónir króna. Styrkirnir eru veittir til framkvæmda á vegum einstaklinga, fyrirtækja, félagasamtaka og sveitarfélaga. Skilyrði er að framkvæmdirnar stuðli að verndun náttúrunnar, samhliða bættum aðbúnaði ferðamanna.

Forgangsröðun verkefna

Að þessu sinni bárust 160 umsóknir þar sem sótt var um styrki til um 180 verkefna. Sem fyrr segir voru 10 milljónir króna til úthlutunar en alls nam heildarupphæð styrkumsókna 125 milljónum króna. Af því leiðir að mörgum verkefnum sem vert hefði verið að leggja lið varð að hafna. Við úthlutunina nú var haft til viðmiðunar að styrkja verkefni sem draga úr mengun, auka öryggi ferðafólks eða bæta aðgengi hreyfihamlaðra. Einnig var litið til verkefna sem miða að bættri hreinlætisaðstöðu á stöðum þar sem ferðafólk nýtir sér aðeins þá þjónustu þótt fleira sé í boði. Víða skapast vandræðaástand vegna hópa sem aðeins nýta sér hreinlætisaðstöðu sem í boði er og bitnar það á viðskiptavinum og starfsfólki þjónustufyrirtækjanna.

Eftirtaldir hljóta styrki fyrir árið 2003:

Umsækjandi	Verkefni	Styrkur
Alda Jónsdóttir, Eyjólfsstöðum	Ný rotþró og sturta við tjaldsvæði	300.000.-
Bjani Egilsson	Hreinlætisaðstaða við Ölvesvatn	150.000.-
Bláskógabyggð	Hættumerkingar við lðu	100.000.-
Brynjar Sigurðsson	Þjónustuhús og hreinlætisaðstaða við Tunnarétt	400.000.-
Byggðastofnun Skagafjarðar	Túngarðshleðsla umhverfis safnlóð í Glaumbæ	500.000.-
Fannborg ehf.	Hreinlætisaðstaða f. almenning í Kerlingarfjöllum	250.000.-
Ferðafél. Fljótsdalsh. og Húsavíkur	Hreinlætisaðstaða við Sigurðarskála	600.000.-
Ferðapjónustan Breiðuvík	Tjaldsvæði og endurbætur á hreinlætisaðstöðu	400.000.-
Ferðapjónustan Grunnavík	Landgangur frá flotbryggju í Grunnavík	400.000.-
Ferðapjónustan Grunnavík	Göngubrú yfir Kuml á í Grunnavík	200.000.-
Gallerý Sól, Grímsey	Bætt aðgengi að almenn. wc. f/ferðamenn í	500.000.-

	eyjunni	
Hafnarsamlag Snæfellsbæjar	Útsýnispallur á grjótgarði á Arnarstapa	500.000.-
Hildibrandur Bjarnason, Bjarnarhöfn	Snyrtiaðstaða við hákarlasafn	200.000.-
Hótel Djúpavík	Endurbætur á frárennsli og förgun brotajárns	400.000.-
Ingólfur Kjartansson v/Dalbæ	Úrbætur á frárennsli við félagsh. Dalbæ á Snæfjallaströnd	300.000.-
Klúkuveitingar ehf.	Vatnsból í Bjarnafirði, vatnsból f. Hótel og aðra starfsemi.	400.000.-
Már Sigurðsson Haukadal	Hreinlætisaðstaða við hverasvæði	600.000.-
Sjálfsbjörg á Suðurlandi	Skógarstígar fyrir hreyfihamlaða í Haukadalsskógi	350.000.-
Skaftárhreppur	Endurnýjun vatnsbóls í Hólaskjóli	300.000.-
SMS ehf. (Netkaffihús)	Snyrting við kaffihús á Stöðvarfirði, almenningsalerni f/ferðamenn	150.000.-
Snæfellsbær	Uppsetning á hreinlætisaðstöðu á Arnarstapa	700.000.-
Vesturferðir o.fl.	Stekkeyri í Jökulfjörðum, koma upp móttökuaðstöðu á svæðinu	200.000.-
Þjónustumiðstöðin Húsafelli ehf.	Salernisaðstaða fyrir ferðamenn sem ekki nýta þjónustumiðstöðina	400.000.-
Þórshafnarhreppur	Fjöruhreinsun á Langanesi	200.000.-
Þróstur Jóhannsson	Hreinlætisaðstaða í Reykjafirði á Hornströndum	300.000.-
Ævintýraferðir ehf.	Endurbætur á lendingaraðstöðu f/rafting við Villinganes í Skagafirði	500.000.-
Örn Þorleifsson, Húsey	Hreinlætisaðstaða við Húsey	300.000.-